

STARFSÁÆTLUN

SKÓLAÁRIÐ

2021-2022



UNNIÐ AF STARFSFÓLKI Í JÚNÍ 2021
YFIRFARIN AF FORELDRARÁÐI & SAMPYKKT Í ÁGÚST 2021

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
UM LEIKSKÓLANN.....	5
<i>LEIKSKÓLINN, HÚSNÆÐI, LÓÐ OG RÝMI.....</i>	<i>5</i>
LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI, BARNASÁTTMÁLINN OG HEIMSMARKMIÐIN	6
NÁMSKRÁ, STEFNA OG UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR	6
SKÓLASTARFIÐ.....	8
<i>HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN</i>	<i>8</i>
<i>SKÖPUN OG MENNING</i>	<i>8</i>
<i>SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI</i>	<i>9</i>
<i>LÆSI OG SAMSKIPTI.....</i>	<i>10</i>
DAGSKIPULAG	11
MENNINGARVIÐBURÐIR, HEFÐIR OG HÁTÍÐIR	11
KYNNING Á LEIKSKÓLANUM.....	12
FORELDRASAMSTARF.....	13
<i>STEFNA OG ÁHERSLUR</i>	<i>13</i>
<i>FORELDRARÁÐ.....</i>	<i>13</i>
<i>FORELDRAFÉLAG.....</i>	<i>13</i>
<i>FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA</i>	<i>13</i>
<i>ÞÁTTTAKA FORELDRA Í LEIKSKÓLASTARFI</i>	<i>14</i>
STARFSFÓLK	14
<i>STARFSMANNASTEFNA</i>	<i>14</i>
<i>ÁHERSLUR Í SAMSTARFI</i>	<i>14</i>
<i>FUNDIR</i>	<i>15</i>
<i>SKIPULAGSDAGAR.....</i>	<i>15</i>
<i>SÍMENNTUNARÁÆTLUN</i>	<i>15</i>
<i>SAMSETNING STARFSMANNAHÓPSINS</i>	<i>17</i>

BÖRN	18
<i>FJÖLDI BARNA, AÐLÖGUN, FLUTNINGUR MILLI DEILDA OG ÚTSKRIFT</i>	<i>18</i>
<i>SÉRKENNSLA</i>	<i>19</i>
SAMSTARF	20
<i>VIÐ GRUNNSKÓLA.....</i>	<i>20</i>
<i>VIÐ AÐRA.....</i>	<i>20</i>
INNRA MAT	21
<i>MATSÆÐFERÐIR</i>	<i>21</i>
<i>ENDURMAT Á UMBÓTAÁÆTLUN</i>	<i>22</i>
<i>MATSÁÆTLUN FYRIR 2022-2025</i>	<i>23</i>
<i>UMBÓTAÁÆTLUN 2021-2022</i>	<i>23</i>
ÖRYGGISMÁL.....	27
<i>ÖRYGGISNEFND</i>	<i>27</i>
<i>ÁFALLARÁÐ</i>	<i>27</i>
<i>INNRA EFTIRLIT.....</i>	<i>27</i>
<i>SLYS.....</i>	<i>27</i>

Inngangur

Í skólanum okkar eru einkunnarorðin **"Austurkór...þar sem ævintýrin gerast"** og eru komin til vegna barnsýnar okkar í Austurkór þ.e. að barnsæskan eigi að vera stútfull af ævintýrum sem síðar verða að góðum minningum og uppbyggilegri reynslu. En hvernig við byggjum upp skólaumhverfi þar sem rými er fyrir skemmtileg ævintýri sem og að uppfylla skyldur okkar og ábyrgð sem fyrsta skólastigið er skapandi ferli.

Við horfum til uppeldissýnar [Reggio Emilia](#) og sálfræðikenninga [Vygotsky](#) í okkar starfskenningu og stefnumótun og teljum okkur vera með á hreinu hvernig best er að halda einkunnarorðunum okkar lifandi og virkum. En það er alltaf gott að varða leiðina og búta viðfangsefnin niður, skipta á milli sín verkum og ábyrgð því þannig nýtum við styrkleika okkar, höldum betri fókusi og sköpum fleiri tækifæri til að upplifa ævintýrin í hversdagsleikanum. Það gerum við m.a. með þessari starfsáætlun sem og að iðka gildi Austurkórs - **Lýðræði, Samvinna og Atorka** - í orði og á borði.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Austurkór er sex deilda skóli staðsettur við götuna Austurkór í Kórahverfi Kópavogsbæjar. Deildar skólans nefnast Sjónarhóll, Esja, Lundur, Askja, Perla og Dyngja og er rými fyrir 116 börn á aldrinum 1-5 ára og fer fjöldi starfsmanna eftir samsetningu hans sem og barnahópsins. Skólinn er opin frá 07.30-16.30.

Unnið 2020-2021

Á rauða gangi voru deildarnar Dyngja og Perla lokaðar og var rýmið nýtt sem bókasafn, kubbasvæði, fundar- og sérkennslurými hluta skólaársins. En eftir að ljóst var að loka þyrfti Dyngju vegna raka og myglu í útvegg voru deildarnar tæmdar og Dyngja innsiglið og eingöngu iðnaðarmenn fóru þangað inn. Á hinum fjóru deildum skólans voru samtals 76 börn þegar að mest var en töluvert var um að börn væru að hætta og önnur að byrja í allt skólaárið.

Ljós á gangi voru aftengd vegna eldhættu en í annað sinn kveiknaði í útfrá þeim – að þessu sinni hafði leikfang lent ofan í ljósinu og hitnaði svo mikið að eldur myndaðist. Ýmsar aðrar minni viðgerðir, viðbætur og úrbætur voru gerðar bæði innanhúss og utan.

Áherslur 2021-2022

Á haustönn eru innrituð 83 börn á fimm deildum, þar af 26 sem hefja nám og er það von okkar að sjötta deildin verði opnum á vorönn og þá verði skólinn fullsetinn. Þar sem aldursdreifing nýnema í skólanum næsta haust er lítil munum við bregðast við með breyttu skipulagi. Perla mun opna fyrir börn fædd fyrri part árs 2020 en deildarnar Sjónarhóll og Esja á bláa gangi og deildarnar Lundur og Askja á gula gangi munu auka samvinnu sín á milli og hálfvegis sameinast vegna fámennis. Í kjölfarið munum við breyta orðræðunni og nota í auknum mæli blái og guli gangur fremur en deildarheitin. Á bláa og gula gangi eru börn fædd frá 2019-2016.

Von okkar er að viðgerð á húsnæði verði lokið þegar að skólaárið hefst í ágúst og ný ljós á gangana komi fljótlega eftir það.

Lýðræði og jafnrétti, Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin

Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór er m.a. námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Starfsaðferðir skólans miða að því að börnin hafi áhrif á nám sitt, verkefnaval og skólaumhverfið. Samvinna er mikil milli kennara og barna sem og í barnahópnum sjálfum og styður aldursblöndun deilda og flæðandi dagskipulag við samkennd, umburðarlyndi, hlustun og jafningaleiðsögn.

Unnið 2020-2021

Ýmis skemmtileg verkefni voru unnin í tengslum við lýðræðislotuna m.a. var forsetinn heimsóttur á Bessastaði af Esju-búum, grein 27 í Barnasáttmálunum var verkefni hjá Lundar-lingum, og unnið var með Heimsmarkmið númer 6,12,14 að einhverju leiti.

Áherslur 2021-2022

Aðalviðfangsefni skólaársins verður uppfærsla á skólanámskrá Austurkórs og ætlum við að nýta tækifærið og horfa inn á við og kafa í gildin okkar og hornsteina skólastarfsins (s.s. koma barnsýnin og gildin skýrt fram í námsskránni, eru viðmið, markmið og leiðir tilgreind o.s.frv.,o.s.frv.). Í þeirri vinnu munum við marka enn frekar hvernig unnið er með lýðræði, Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin.

Við höfum ákveðið að vinna áfram með Heimsmarkmiðin (6,12,14) og setja á stofn umhverfisráð að fyrirmynd Grænfánaskóla/Landverndar. Við ætlum að einbeita okkur að grein 13 í Barnasáttmálanum í tengslum við Samvinnulotuna, grein 12 í tengslum við Lýðræðislotuna og grein 29 í tengslum við Atorkulotuna.

Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur

Eins og aðrir leikskólar Kópavogsbæjar þá vinnum við í Austurkór eftir [lögum](#) um leikskóla, [Aðalnámskrá](#), og [námskrá leikskóla Kópavogs](#). Auk þess störfum við eftir okkar eigin [skólanámskrá](#) sem eingöngu er gefin út í rafrænu formi og er hún flæðandi (emergent curriculum). Eins og áður hefur komið fram þá munum við endurskoða skólanámskránni skólaárið 2021-2022 og eru verklok áætluð í júní 2022 næstkomandi.

Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum

skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Við í Austurkór teljum ákveðna sérstöðu ríkja í okkar starfsaðferðum og skipulagi en dagsskipulagið er flæðandi, barnahópurinn er aldursblandaður, þingstörf (er lýðræðisleg námsleið sem við höfum þróað í skólanum) byggist á áhuga, færni og getu barnanna.

Gildi skólans eru ,eins og kom fram í inngangi, Samvinna, Lýðræði, Atorka og einkunnarorð leikskólans eru "Austurkór...þar sem ævintýrin gerast".

Unnið 2020-2021

Vegna breyttrar aldurssamsetningar á deildum (2 deildar með aldurshópinn 2-5 ára og 2 deildar með aldurshópinn 1-4 ára) gerðum við breytingar á dagsskipulaginu á þann hátt að rými voru nýtt t.d. í hvíld þvert á deildir og starfið miðað við þarfir barnanna s.s. hvíld og félagaval fremur en deildarskiptingu. Leikurinn flæddi meira en áður milli deilda, starfsfólk var á ákveðnu svæði í skólanum (ekki bara á sinni deild). Mannauðurinn var nýttur enn frekar með svokölluðu "Listaflæði" en þá eru ákveðnir starfsmenn með umsjón með svæðum/verkefnum þar sem boðið er upp á listsköpun, tónlist, sagnagerð, málörvun og leikræna tjáningu. Ákveðið var í tengslum við endurmat á námsþættinum Sköpun og menning að setja fókusinn í verkefnunum á fjölmenningu og var unnið á þessum svæðum með Ástralíu á haustönn og Japan á [vorönn](#).

Við settum áherslu á almenna málörvun, endurbættum skipulag samverustunda og hófumst handa við gerð handbókar um snemmtæka íhlutun (þeirri vinnu líkur á haustönn 2021).

Breytingar voru gerðar á skólastarfinu í samræmi við sóttvarnir – meiri hólfun = minna flæði á milli deilda/ganga.

Áherslur 2021-2022

Framundan er endurskoðun skólanámskrár, námsefni sem við höfum ákveðið að vinna með og verklag því tengdu. Við ætlum jafnframt að yfirfara starfsmannahandbók og gera samskiptasáttmála (sem var á dagskrá 2020-2021 en tókst ekki að framkvæma vegna fjöldatakmarkanna sóttvarnarlæknis).

Útgáfa handbókar um snemmtæka íhlutun verður á haustönn 2021

Skólastarfið

Heilbrigði og vellíðan

Í Austurkór hugum við að heilbrigði og vellíðan starfsfólks, foreldra og barna með misjöfnum leiðum því við vitum að við erum alls konar og þurfum alls konar. Við höfum valið ýmsar leiðir til að ýta undir heilbrigði og vellíðan í skólasamfélaginu okkar s.s. heilsumatseðill a la heilsuskólar, hvíldartími sniðinn að þörfum hvers og eins (ekki árgangi), útinám og útivera, námsefnið frá [Barnaheill](#) og [Hugarfrelsi](#), uppsetning umhverfisins, heilsuþóði fyrir starfsfólkið, o.fl., o.fl.

Unnið 2020-2021

Námskeið voru haldin í tengslum við námsefnið Hugarfrelsi fyrir allan starfsmannahópinn. Umhverfi skólans var uppfært með það að marki að skapa hlýlegt og notalegt andrúmsloft m.a. með lifandi plöntum, ljósgjöfum og tónlist. Við höfum verið í samtali við Gerðasafn um nokkurt skeið um samstarf og settum upp í því sambandi upphengi-brautir í matsal, á kaffistofu og gula og bláa gangi svo allt er klárt fyrir fleiri listaverk.

Áherslur 2021-2022

Við höldum alltaf áfram að vinna í skólaumhverfinu okkar og skapa stemmingu því eins og [Carla Rinaldi](#) m.a. segir þá eiga börn skilið fallegt og áhugavekjandi skólaumhverfi...og það er alltaf hægt að breyta og bæta. Einnig er mikilvægt að horfa inn á við og skoða samskipti, venjur og vinnureglur með það fyrir augum að auka gæði skólastarfsins, tengsl og traust. Það ætlum við að gera með samskiptasáttmála starfsfólks, uppfærslu á skólanámskrá og starfsmannahandbók.

Sköpun og menning

Að lifa er að skapa og sköpun er stór hluti af skólastarfinu í Austurkór. Í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur er eitthvað skapandi ferli – hvort sem það er leikur á útisvæði, þingstörf eða matargerð. Í lotu-lokum gerum við því ferli sem fram fer í þingstörfum skil. Aðgengi barnanna að fjölbreyttum efnivið og námsbúnaði er góður og hafa þau sjálfræði um hvað er leikið/unnið með en eins og með námsþáttinn á undan – þá er alltaf hægt að breyta og bæta.

Unnið 2020-2021

Ákveðinnar þróunnar gætti í Kennarþings-verkefnum þetta skólaárið að því leiti að

þau náðu yfir lengri tíma, í einhverjum tilfellum yfir alla lotuna sem og það að meiri samfella var á milli Kennarþinga og ævintýraferða. Vettvangsferðir urðu ekki eins margar og voru planlagðar vegna sóttvarna en menningarhúsin í Kópavogi voru heimsótt. Elsti árgangurinn fór í fleiri ferðir en aðrir í sínum sérverkefnum, skoðuðu m.a. sýningu í Perlunni.

Áherslur 2021-2022

Við bindum vonir um að þetta sé árið þar sem samstarfið við Gerðasafn hefst fyrir alvöru en hugmyndin er að fá lánuð myndverk úr safninu, fá fræðslu um verkin og jafnvel koma á sambandi/samtali við listamennina sjálfa. Við ætlum að bæta okkur í skráningu á námsferli barnanna sem og sýna meiri alúð við uppsetningu verka. Listaflæði var skemmtileg viðbót við skólastarfið á síðasta ári og munum við halda því áfram en í endurmati kom fram að verkefnavalið – Ástralía og Japan væri of kennarastýrt.

Sjálfbærni og vísindi

Skólinn okkar er staðsettur við bæjarmörkin í nálægð við ósnortna náttúruna. Við höfum aðgengi að útinámssvæði í Magnúsarlundi, hesthúsum í nágrenninu og holt og móa allt í kring. Ævintýraferðir eru fastur liður í dagskipulaginu og í þeim upplifa börnin náttúruna, auka hreyfigetu og að ögra sér t.d. með trjáklifri. Börnin læra að bera virðingu fyrir nærumhverfinu, þekkja náttúruna og árstíðirnar og verða meðvitaðri um hættur sem geta leynst. Við pökkum, flokkum, ræktum, endurnýtum, gerum vistvæn innkaup og reynum að kaupa búnað úr náttúrulegum efnivið.

Unnið 2020-2021

Námsþátturinn var endurmetin í ár – sem hluti af ytra mati Menntasviðs og sýndu niðurstöður m.a. að aðgengi barnanna að náttúrulegum efnivið er gott, fjölbreytt og hluti af leikefni þeirra. Ævintýraferðir eru fastur liður í dagskipulaginu og samhljómur hefur aukist á milli þeirra og verkefna deildanna. Lifandi blóm og fiskabúr eru hluti af námsumhverfinu. Flokkun hefur aukist og meiri meðvitund er um t.d. nýtingu vatns og rafmagns. Sóttvarnir sköpuðu meiri mengun m.a. með því að pappírspurrkur voru notaðar bróðurpart skólaársins í stað þvottastykkja og handklæða. Einnig var mun meira notað af sápu og ýmsum hreinsi efnum.

Áherslur 2021-2022

Við ætlum að setja skýrari námsmarkmið með Ævintýraferðunum okkar með því að uppfæra skráningarblað sem þeim fylgja þannig að ábyrgðaraðili ferðanna eigi auðveldara með að setja þau niður. Meiri tenging við árstíðir og ferðir í mismunandi náttúrugerðir (s.s. fjöru) verða hluti af starfsáætlum deilda og verður námsþátturinn í heild endurskoðaður í námskránni okkar. Í aðgerðaráætlun endurmatsins sem nefnt er hér að ofan koma fram fleiri þættir sem við ætlum að bæta okkur í og má lesa um þá á heimasíðu skólans.

Læsi og samskipti

Í Austurkór er unnið með læsishvetjandi verkefnið Lubbi finnur málbein, lestur bóka – bæði í formlegum og óformlegum stundum, í uppsetningu námsumhverfisins er bæði stuðst við myndmál og letur. Í lýðræðislegum starfsaðferðum okkar eru ótal tækifæri til tjáskipta sem og að vinna með fjölbreyttan efnivið og margvíslegar námsleiðir. Í samverustundum og listaflæði er unnið með sagnahefðina, hlustun, bóklestur og söng auk þess er þula mánaðarins er orðin fastur liður í starfinu.

Við vinnum með vináttuverkefni Barnaheilla og Hugarfrelsi einnig eru ákveðnar námsstundir fyrir elsta árganginn þar sem unnið er með samskipti o.fl.

Unnið 2020-2021

Hafist var handa við handbók um snemmtæka íhlutun og verður þeirri vinnu lokið á haustönn 2021. Starfsfólk fékk fræðslu um markvissa málörvun í tengslum við þá vinnu. Jafnframt var fjar-fyrirlestur á skipulagsdegi 19.nóvember um fjölmenningu og ýmar leiðir til stuðnings við fjöltyngd börn og fjölskyldur þeirra. Fræðslan var í umsjón Sögu Stephensen.

Svokallaður Spiderman-hópur var stofnaður og í honum voru börn í næst elsta árgangi skólans og markmiðið með honum var að vinna enn frekar með vináttu og samskipti til að bregðast við hegðunarmynstrum sem var farið að bera á í barnahópnum s.s. útilokun og stríðni. Unnið var m.a. með verkfæri úr verkfærakistu Vöndu en þau eru einnig notuð með elstu börnunum í sínum sérverkefnum. Á vorönn var boðið upp á í fyrsta sinn samtal við útskiftarnema og foreldra þeirra þar sem farið var yfir námsferil barnsins og styrkleika sem og að gera endurmat. Foreldrar og börn fylltu út sitthvort matsblaðið og komu niðurstöðurnar skemmtilega á óvart.

Áherslur 2021-2022

Við ætlum að nýta mannauðinn enn frekar með því að Rannveig sagnaþula og söngspýra fari á milli deilda og mentori starfsfólk í framkvæmd samverustunda. Einnig munum við uppfæra söngbókina okkar og eyrnamerkja ákveðin lög við ákveðnar árstíðir og námslotur og með því auka fjölbreyttina í lagavali og stækka orðaforðann.

Útgáfa handbókar um snemmtæka íhlutun felur í sér ákveðnar breytingar á verklagi, nýtingu námsefnis o.fl. En það gerir einnig endurskoðun námskrár Austurkórs á námsþættinum.

Dagskipulag

Dagskipulagið í Austurkór er flæðandi þ.e. tekur mið af þörfum þess fólks sem er í skólanum hverju sinni. Matartímar eru einnig flæðandi og maturinn borinn fram í matsal. Með því fækkum við uppbrotsstundum og aukum valdeflingu m.a. með því að börnin geta sjálf kosið hvenær þau vilja borða á meðan matur er borinn fram. Morgunmatur er á boðstólnum milli 08.15-09.00, hádegismatur er á milli 11.00-12.15 og nónhressing er á milli 14.00-15.00. Hvíld er eina stund dagskipulagsins sem börnin geta ekki kosið um og jafnframt er útivera að lágmarki einu sinni á dag.

Í öllu þessu flæði er mikilvægt að huga að tengslum milli barna og kennara og eflingu þeirra. Til að ná fram því markmiði eru kennarar lykilpersónur fyrir ákveðin börn í deildarhópnum og hafa þá ábyrgð að fylgjast með þroska, aðbúnaði, skrá námsferil o.fl.

Menningarviðburðir, hefðir og hátíðir

Eftir því sem að árunum fjölgar þeim mun sterkari verða hefðir og venjur, einkum í tengslum við menningarviðburði og uppákomudaga. [Skóladagatalið](#) hefur ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár og á heimasíðu skólans eru nánari upplýsingar um hvað er gert á þessum dögum. En í skóla sem hefur ævintýri í einkunnarorðunum þá þarf að gæta þess að starfið sé ekki of niðurnjörvað og rými fyrir að grípa tækifæri sem gefast. Við höfum verið í sífelldri þróun með þátttöku barna í skipulagi og endurmati á þessum viðburðum.

Unnið 2020-2021

Þetta árið eins og árið á undan, þurftum við að aðlaga okkur að sóttvarnareglum og fjöldatakmörkunum. Ýmsir viðburðir og samstarf voru felldir niður s.s. heimsóknir í Hörðuvallaskóla og Boðapíng, þrettándakaffi, o.fl. Aðrir voru sniðnir að ríkjandi reglugerðum og var minna um þátttöku foreldra í þeim viðburðum miðað við áætlanir og venjur af þeim sökum s.s. Lotu-lok og þrettándakaffi.

Áherslur 2021-2022

Eins og aðrir þættir skóalstarfsins verða viðburðir og uppkomudagar endurskoðaðir í skólanámskránni þetta skólaár og þurfum við að spyrja okkur: hvers vegna við veljum þessa daga, hver er tengingin við skólastarfið sem og samfélagið, hvaða venjur og viðburði vilja börnin hafa, erum við að vinna í anda [hægmenntunar](#) o.s.frv. o.s.frv.

Kynning á leikskólanum

Á [heimasíðu](#) og [facebook-síðu Austurkórs](#) er að finna upplýsingar um skólastarfið, fréttir og tilkynningar o.fl.. Deildarnar senda upplýsingapósta í lok hverrar viku þar sem sagt er frá viðfangsefnum vikunnar og því sem framundan er. Við gerum fréttabréf í tilefni Dags leikskólans og kynnum skólastarfið okkar sem og daginn sjálfan og sendum út um víðan völl.

Unnið 2020-2021

Við settum áætlun um greinaskrif í bæjarblöðin til að kynna skólastarfið okkar enn frekar og tókst það að einhverju leiti. Við ætlum einnig að vera með Kollega-kvöld en það var tekið af dagskrá vegna sóttvarnareglna. Heimasíðan og Facebook-síðan eru uppfærðar reglulega og gefa góða innsýn í skólastarfið í Austurkór. Kynningarfundur fyrir foreldra var haldinn á haustönn í Magnúsarlundi en sú leið var farinn til að tryggja fjarlægðarmörk og tókst ágætlega.

Áherslur 2021-2022

Við ætlum okkur að vinna áfram í greinaskrifum og koma því í framkvæmd sem ekki tókst í vetur. Einnig höfum við hug á að taka þátt í viðburði á vegum [Faghóps um skapandi skólastarfs](#) sem haldinn verður á haustönn. Við ætlum að hafa kollega-kvöld á sama tíma og lotulok eru á Samvinnu- og Lýðræðislotunni.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Við höfum sett saman stefnu um foreldrasamstarf í skólanum og er markmiðið með henni m.a. að stuðla að farsælu samstarfi milli skólans og foreldra. Stefnan er í endurskoðun og eru verklok haustönn 2021.

Traust, virðing og hlustun eru þættir sem skapa gott samstarf á milli heimilis og skóla og viljum við í Austurkór halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum. Aukin þátttaka foreldra í skólastarfinu, hvort sem er með óformlegum eða formlegum hætti, er alltaf markmið hjá okkur í Austurkór.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra. Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við skólann og er tilgangur þess að stuðla að velferð barna og starfsfólks í Austurkór sem og að styrkja samskipti foreldra og starfsfólks. Starfsreglur og fundargerðir er að finna á [heimasíðunni okkar](#). Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að haustönn og er aðstoðarleikskólastjóri alla jafna tengiliður milli stjórnar foreldrafélagsins og skólans.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Gott upplýsingastreymi er mikilvægt fyrir samstarf heimilis og skóla. Óformleg samskipti t.d. í upphafi og lok dags skipta gríðarlega miklu máli og viljum við veita hverjum og einum gott tækifæri og aðgengi að starfsfólki á þessum tíma til tengslamyndunnar og upplýsingagjafar. Við notum einnig ýmsar formlegar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri. Þær eru m.a. foreldrasamtöl, foreldrafundir, upplýsingatöflur á deildum, vikupóstar, tölvupóstar, fréttabréf, heimasíða/facebook-síða.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi

Til að Austurkór sé skólinn okkar þá er mikilvægt að nýta mannauð allra sem koma að skólanum – starfsfólk, börn og foreldrar. Barnið er í brennidepli í þessu samstarfi og viljum við að það sé eðlilegt og áreynslulaust.

Unnið 2020-2021

Foreldrakönnun á vegum Menntasviðs var gerð á vorönn og voru niðurstöðurnar ánægjulegar og sýndu að þeir sem svöruðu voru: ánægðir með skólann í heild, samskipti starfsfólks við börn og foreldra, starfshætti skólans, húsnæði og rými. Sóknarfæri liggja í námsferilsskráningu og upplýsingagjöf um skil skólastiga (sem er einmitt meginmarkmið þróunarverkefnissins [Blær brúar bilið](#)). Einnig komu fram óskir um gróðursælla og fjölbreyttara útisvæði. Skólapúlsinn sá um framkvæmd.

Áherslur 2021-2022

Eins og áður segir þá verður foreldrastefnan endurmetin sem og skólanámskráin og leiðir sú vinna án efa af sér einhverjar breytingar. Varðandi fundarhald stjórnar foreldrafélagsins og foreldraráðsins er gott að festa fundartíma og tíðni funda í upphafi skólaárisins þannig að meiri samfella skapist í samskiptum.

Starfsfólk

Starfsmannastefna

[Starfsmannastefna Austurkórs](#) hefur það markmið m.a. að auka öryggi í starfi, viðhalda starfsánægju og skapa sameiginlega sýn um skólastarfið. Við náðum ekki að uppfæra stefnuna á árinu eins og sett var fram í umbótaáætlun fyrir skólaárið og veltum við verkinu áfram inn í skólaárið 2021-2022 ásamt gerð samskiptasáttmála.

Áherslur í samstarfi

Við teljum Austurkórs- samfélagið vera lærdómssamfélag þar sem við iðkum lýðræðislega starfshætti, sköpum svigrúm fyrir jafningjafræðslu, samráð og faglegt samtal. Þetta er hluti af því að skapa skýra og sameiginlega sýn um skólastarfið.

Við nýtum mannauðinn og ýtum undir starfsþróun með lýðræðislegum vinnubrögðum, fræðslu, hvatningu til náms, leiðbeiningarsamtölum og formlegu samráði.

Við bætum enn í samvinnu og samstarf milli starfsfólks með nýrri niðurröðun

barnahópsins í rýmin (blái/guli gangur).

Fundir

Samtal og samráð er mikilvægt í lýðræðislegum starfsháttum og má segja að við séum dálítið fundaróð í Austurkór. Hér eru haldnir: Stöðufundir, Pow Wow, Allsherjarfundir deilda (innan þess fundar eru málefni deildar-, tengsla-, skráningarfundar en áður voru þetta sérstakir aðgreindir fundir útfrá fundarefni), Krísufundir, deildarstjórafundir.

Samráðsteymisfundir/Lausnateymisfundir, starfsmannafundir, fagfundir, fræðslufundir, stuðningsteymisfundir, samráðsfundir, starfsmannasamtöl, nýliðasamtöl.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru notaðir í undirbúnings- og skipulagsvinnu, símenntun, endurmat og hópefli. Skólaárið 2021-2022 eru skipulagsdagarnir mikið eyrnamerkir vinnu við endurmat skólanámskrár og þeim starfsreglum og stefnum sem henni fylgja.

Skipulagsdagar skólaársins 2021-2022 eru:

3. september	03. janúar
18. nóvember	16. mars
	16. maí

Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans tekur mið af stefnumótun sveitarfélagsins og er ætlað að vera styðjandi við starfsáætlun og gerð með hliðsjón af starfsaðferðum skólans – styrkleikum og umbóta tækifærum. Markmiðið er fyrst og fremst að efla starfsfólk í starfi, skapa tækifæri til starfsþróunar og viðhalda faglegri þekkingu í síbreytilegu starfsumhverfi. Eins og áður hefur komið fram þá verður megináherslan á endurmat skólanámskrár og þeim starfsreglum og stefnum sem henni fylgja .

Lýsing og markmið	Tímabil	Kostnaður á mann	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allsherjafundir, deildarstjórafundir Að skapa vettvang til upplýsingagjafar, endurmats,fræðslu og samstillingar starfsmannahópsins	Allt árið	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Starfsmannasamtöl Að hver starfsmaður skoði sig í starfi, setji sér markmið hvað varðar starfsþróun og geti komið með ábendingar um hvað megi betur fara í starfsumhverfi hans	Desember	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Nýliðafræðsla, stefnumótun og fræðsla Sérstök fræðsla verður fyrir nýliða þar sem farið verður yfir ákveðin atriði í starfsmannahandbókinni sem og þau atriði sem eru í móttökuáætluninni	Ekki ákveðið	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Stjórnendur
Fagfundur Að skapa starfsfólki skólans vettvang til fræðilegrar umræðu, jafningjafræðslu og endurmats á starfi skólans	Allt árið Hver hópur fundi einu sinni á önn Allur hópurinn fundi einu sinni á önn	Unnið að hluta á dagvinnutíma og hluta á yfirvinnutíma	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Starfsmannafundur Að hafa reglubundið samráð og veita upplýsingar til alls starfsmannahópsins á sama tíma. Fræðsla, endurmat og stefnumótun	Sjá skóladagatal	Unnið á yfirvinnutíma ca. 2 klst. x 5 = 10 yfirvinnutímar per. starfsmann skólaárið 2021-2022	Laun af yfirvinnukvóta	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun og endurmat Unnið að starfs- og umbótaáætlun deilda fyrir árið 2021-2022	Starfsmannafundur 26.08.21	Unnið í yfirvinnu.	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Hefja vinnu að nýrri skólanámskrá. Að kynnast starfsaðferðum leikskóla sem vinnur einnig með flæði Að þetta starfsmannahópin Kynnisferð: Leikskólinn Ugluklettur	Skipulagsdagur 03.09.21	Óþekktur	Óþekktur	Skólastjóri og skemmtinefnd

Lýsing og markmið	Tímabil	Kostnaður á mann	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Fræðsla, stefnumótun og endurmat Að skoða samskipti, mörk og vinnureglur starfsmannahópsins í Austurkór Handleiðari: Margrét Björk Jóhannesdóttir	Starfsmannafundur 14.10.21	Unnið í yfirvinnu	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans 70.000,- kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Skipulagsdagur 18.11.21	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Hópefli Að starfsmannahópurinn komi saman og hafi gaman. Umsjón: Ljósmyndastudio	Starfsmannafundur 09.12.21	Unnið í yfirvinnu	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans 60.000,- kr.	Skólastjóri og skemmtinefnd
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Skipulagsdagur 03.01.22	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Starfsmannafundur 24.02.22	Unnið í yfirvinnu.	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Skipulagsdagur 16.03.22	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Starfsmannafundur 28.04.22	Unnið í yfirvinnu.	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Stefnumótun, endurmat og fræðsla Unnið að nýrri skólanámskrá.	Skipulagsdagur 16.05.22	Unnið á vinnutíma	0 kr.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi í Austurkór, sem og öðrum leikskólum bæjarins, ákvarðast af fjölda barna, aldri og viðveru. Stöðugildi vegna afleysingar undirbúnings og leikskólakennaranema eru breytileg eftir samsetningu starfsmannahópsins sem og stöðugildi vegna sérkennslu eftir samsetningu barnahópsins. Í Austurkórslíðinu eru á milli 25-30 starfsmenn og er samsetningin síbreytileg.

Unnið 2020-2021

Breytingar urðu töluverðar í starfsmannahópnum eins og fyrri ár og hættu 13 starfsmenn störfum og nýjir komu í þeirra stað þetta árið. Af þessum 13 voru 6 á fyrsta starfsári, 5 með 2-5 ára starfsreynslu og 2 yfir 5 ára starfsreynslu.

Nemar voru 3 í leikskólakennarafræðum og 2 í leikskólaliðanámi.

Áherslur 2021-2022

Á haustönn 2021 lítur samsetningin svona út:

8 kennaramenntaðir, 1 þroskaþjálfari, 2 uppeldis- og menntunarfræðingar, 1 tómstundafræðingur, 2 leikskólaliðar, 4 stúdentar og 5 með grunnskólapróf. Af þessum 23 starfa 1.75 í eldhúsi, 3 í stjórnun, 1 sérgreinastjóri með áherslur á skapandi starf, 5 í sérkennslu. Aðrir starfa á deildum og/eða í afleysingu. Ekki er búið að ráða í 6.5 stöðugildi þar af 1 í sérkennslu, 3 á deildir og 3.5 í afleysingu.

Nemar verða 5 í leikskólakennarafræðum þar af einn í meistaranámi.

Svanhvít Friðriksdóttir sem hefur gengt stöðu aðstoðarskólustjóra mun fara í annað hlutverk innan skólans og sinna stöðu sérgreinastjóra. Í hennar stað kemur Harpa Dís Jónsdóttir.

Börn

Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Fjöldi barna í Austurkór er áætlaður 116 miðað við fullskipaðan skóla og er von okkar að svo verði á skólaárinu. Á haustönn verða 83 við nám í skólanum, 32 á bláa gangi, 35 á gula gangi og 16 á deildinni Perlu. Við vonum að hægt verði að opna Dyngju með nýjum liðsmönnum á nýju ári og þá verði allar deildir í notkun.

Aðlögun hefst 10. ágúst á bláa og gula gangi en 17.ágúst á Perlu - svo framarlega sem starfsfólk er komið til starfa í lausar stöður. Aðlögun á milli deilda er engin þetta skólaárið og er það hluti af starfsaðferðum skólans að vera með aldursblandaðar deildir til að minnka álag á börnin með tilfærslum milli deilda. Við teljum mikinn kost að barnið vaxi upp á sömu deildinni og þurfi að jafnaði ekki flytjast nema einu sinni – frá yngri deild á eldri. Því fylgi góð tengslamyndun við önnur börn og starfsfólk – bæði fyrir barnið og foreldrana.

Árgangur 2016 er útskriftarárgangurinn þetta árið og telur hann 27 börn.

Sérkennsla

Í Austurkór sér sérkennslustjóri um og ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd sérkennslunnar, styðja og leiðbeina starfsfólki og foreldrum og vera tengiliður við aðrar stofnanir sem sinna greiningu og ráðgjöf. Staða sérkennslustjóra er 75 %. Við notum ýmis verkfæri og mælitæki í starfinu okkar s.s. Hljóm-2 fyrir börn á fimmta aldursári, Efi-2 fyrir börn á fjórða aldursári, Tras er lagt fyrir börn á aldrinum 2-5 ef við viljum skoða sérstaklega stöðu málþroskans, AEPS þroskalistinn er notaður sem grunnur í vinnslu einstaklingsnámsskráa, PECS, TEACCH og atferlisþjálfun. Ákveðnir málörvunarhópar eru þvert á deildir eftir því hvaða færni er verið að vinna með hverju sinni og halda sérkennarar utan um þá í samvinnu við sérkennslustjóra.

Unnið 2020-2021

Vegna títtnefndra sóttvarnareglna þá þurfti að aðlaga aðlögunartímabilið að þeim og var aðgengi foreldra inn í skólann takmarkað – annað foreldrið sinnti aðlögun og tími þess í skólanum skertur. Þetta hafði í för með sér minni samskipti og spjall og tengsl voru lengur að myndast miðað við venjulegt árferði. Eyðublað um hagnýtar upplýsingar sem foreldrar fylla út í upphafi skólagöngu barnsins var uppfært í ár. Sérkennsla í Austurkór hefur verið í mikilli þróun og hafa nú ákveðnar starfsaðferðir festis í sessi. Starfsfólk sérkennslunnar hittist á fundi vikulega og vinnur sem teymi. Það hefur sýnt sig að teymisvinna þar sem fólk miðlar þekkingu og reynslu skilar öryggi í starfsmannahópnum og markvissari vinnu með börnunum.

Áherslur 2021-2022

Það er ánægjulegt að aðlögun muni fram með "eðlilegu sniði" og fá foreldrar kynningu á skólastarfinu á öðrum degi aðlögunnar. Gögn og verklag sem nýtt er í aðlögun verða endurskoðuð enda hluti af skólanámskrá og starfsmannahandbókinni. Gerð Handbókar um snemmtæka íhlutun mun einnig hafa í för með sér breytingar á verkferlum og skráningum. Teymisvinna sérkennara verður þróuð enn frekar og nýjir liðsmenn koma með sína reynslu og þekkingu í púkkið.

Samstarf

Við grunnskóla

Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Sameiginlega þróunarverkefnið okkar "Blær brúar bilið" miðar að því að byggja brú þar sem skólastigin mætast og undirbúa þannig börnin fyrir væntanlega breytingu.

Samstarf okkar við Hörðuvallaskóla teljum við vera í góðum farvegi og er vilji hjá báðum aðilum að bæta enn frekar í það.

Við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila, s.s. leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðing, talmeinafræðing, kennara, iðjupjálfa, sjúkrapjálfa, heilsugæslu, velferðarsvið, greiningar- og ráðgjafarstöð. Auk þess höfum við verið í samstarfi við Boðaping, Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Gerðasafn, Vinnuskólann og ýmis önnur svið Kópavogsbæjar.

Unnið 2020-2021

Verkáætlun vegna samstarfs leik- og grunnskóla gekk ekki eftir að hluta vegna sóttvarnareglna. Sá partur þróunarverkefnisins sem snýr að sérkennslu var framkvæmdur eins vel og hægt var miðað við aðstæður.

Boðapings-heimsóknir duttu alveg niður þetta skólaárið en við fengum skjólstæðing Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar til okkar í starfsendurhæfingu á vorönn. Einnig komu fimm flottar stúlkur frá Vinnuskólanum og unnu starfs sitt af natni og áhuga.

Vegna viðgerða á húsnæði voru samskipti við framkvæmdar- og eignasvið meira en oft áður og voru haldnir stjórnendafundir sem og foreldraráðsfundur í tengslum við þær (rafrænt að mestu).

Áherslur 2021-2022

Við viljum leggja áherslu á að ljúka þróunarverkefninu "Blær brúar bilið" og ákveða um leið næstu skref í samstarfinu. Sérgreinastjóri er með keflið í samstarfi við Gerðasafn og eins og áður hefur komið fram þá vonum við að þetta verði árið sem við fáum myndverk inn í hús. Boðapingsstarfið hefur verið gefandi fyrir alla sem koma að því og viljum við blása lífi í það og þróa frekar með næstelsta árganginum.

Innra mat

Matsaðferðir

Meginmarkmið mats er að kanna stöðu áætlana og verka, persónulegar framfarir sem og þróun skólastarfsins í heild, vellíðan þeirra sem tilheyra skólasamfélaginu okkar, þörf fyrir fræðslu sem og annað sem við viljum beina sjónum að í hvert sinn. Upplýsingum gagna er safnað saman með margvíslegum hætti s.s. ýmsir fundir, starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl, kannanir, matslistar, skráningar og skimanir. Á þessum upplýsingum er umbótaáætlun skólans byggð.

Unnið 2020-2021

Þetta skólaárið settu deildarnar saman sína starfsáætlun og byggðu markmiðin m.a. á umbótaáætlun/starfsáætlun skólans. Ákveðið óöryggi var í starfsmannahópnum gagnvart þessari vinnu og fengum við fræðslu í upphafi vorannar um mat á skólastarfi, viðmið og vísbendingar. Matsteymi var stofnað og var matsáætlun fyrir næstu ár sett saman. Byggir áætlunin á [verklagi Reykjavíkurborgar um innra mat á gæðum leikskólastarfs](#).

Matsgögn sem unnin voru á skólaárinu:

- Hljóm-2 lagt fyrir að hausti 2019.
- Mat elsta árgangsins á ýmsum viðburðum og þáttum skólastarfsins unnið bæði á haust og vorönn.
- Foreldrakönnun var framkvæmd vorönn 2021.
- Starfsáætlanir deilda settar saman, endurmetnar og uppfærðar.
- Skráning yfir tíðni stunda sem unnar voru með námsefni Hugarfrelsisins.
- Símat á verkefnum Kennaraþinga og skráningum þeirra.
- Endurmat starfsfólks á Krakkaflæði/Listaflæði í lok haust- og vorannar.
- Matsblöð leikskóladeildar Kópavogs um námsþáttin Sjálfbærni og vísindi.
- Nefndir (Heimsmarkmiðanefnd, Umhverfisnefnd, Útinám/Numiconnefnd, Málörvunarnefnd, Hugarfrelsi/Blænefnd, Tónlistar/Leiklistarnefnd) settu fram verkáætlun um sín störf sem var endurmetin og uppfærð á vorönn.
- Áfallaáætlun yfirfarin og uppfærð.
- Símat er í gangi allt árið um kring í umræðum hinna ýmsu funda og breytt og bætt eftir þörfum. Skráð í fundargerðir.

Endurmat á umbótaáætlun

Markmið umbótaáætlunnar skólaárið 2020-2021 voru:

- o Að gera endurmat markvissara og mælanlegra
- o Að útnámsstundir verði markvissari svo þær geti talist hornsteinn í skólastarfinu
- o Að ná þeim viðmiðum sem sett hafa verið í leikskólum Kópavogs varðandi niðurstöður Hljóm-2
- o Að auka foreldrasamstarf og skerpa á tengslum milli skóla og heimilis
- o Að auka gæði samskipta í starfsmannahópnum

Af þessum markmiðum náðist eingöngu það efsta að fullu leiti þ.e. matsteymi var stofnað og endurmatsáætlun til 4 ára var gerð (sjá fylgiskjal 2).

Þau markmið sem náðust af hluta á þessu ári var að ná viðmiðum Kópavogsbæjar varðandi niðurstöðu Hljóm- 2 en leiðin af því marki var að samverustundirnar yrðu markvissari sem og verkefni í tengslum við hljóðkerfisvitundina. Það tókst. En aðkoma sérkennsluteymisins með jafningjafræðslu, námsefnakynningu og eftirfylgni til starfsfólks sem og hlutverk málörvunarnefndarinnar var ekki eins mikil og við vildum.

Foreldrasamstarfi voru settar ýmsar skorður vegna sóttvarna en við náðum að kjarna verklag varðandi tíðni og sendingartíma vikupósta. Við náðum ekki að uppfæra foreldrastefnuna og fundir með stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins hefðu mátt vera fleiri á skólaárinu. Einnig náðum við ekki settu marki í greinaskrifum til kynningar á skólastarfinu.

Við náðum ekki markmiðinu um aukningu gæða í samskiptum starfsmannahópsins því ekkert varð úr gerð samskiptasáttmálans vegna fjölda takmarkanna og einungis gafst tími til að endurmeta örfáar blaðsíður starfsmannahandbókarinnar á skipulagsdegi. Fundarplan hélst að mestu leiti.

Áherslur 2021-2022

Eins og margoft hefur komið fram þá verður aðaláherslan á endurskoðun skólanámskrár og starfsmannahandbók sem og verkferla og verklagsreglur tengdum þeim. Það er mikið verk og verðum við að gefa okkur tíma og rými til þess. Gerð samskiptasáttmála og handbók um snemmtæka íhlutun eru verkefni sem jafnframt verða unnin verða á haustönn.

Matsáætlun fyrir 2022-2025

Við teljum enga ástæðu til að finna upp hjól sem þegar er til og munum nýta okkur fyrrnefnd viðmið og vísbendingar Reykjavíkurborgar í matsáætluninni okkar. Þar sem við erum að stíga okkar fyrstu skref í endurmati skólasterfsins með þessum þætti þá verður það mjög víðtækt fyrsta árið.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x		x
Opinber birting og umræður	x	x		x

Umbótaáætlun 2021-2022

Út frá þeim matsgögnum sem unnin voru eftir skólaárið 2020-2021 voru skilgreindir fjölmargir umbótaþættir sem ætlunin er að vinna að á skólaárinu 2021-2022. Eins og sjá má í eftirfarandi umbótaáætlun verða þættirnir unnir af stjórnendum og nefndum skólans. Nefndirnar tengjast þeim viðfangsefnum sem þær munu vinna að á skólaárinu og veitir það aukin stuðning við umbótarvinnuna.

Viðfangsefni markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Að endurmat verði unnið með markvissari og mælanlegri leiðum.	Endurmat og umræða stjórnenda	Setja upp starfsáætlun deilda með markmiðum, mælanlegum leiðum og ábyrgðaraðilum. Fylgja stöðugt eftir og endurmeta við hver lotulok.	2021/2022	Stjórnendateymi	Þrisvar yfir skólaárið. Í lokin á hverri lotu.	Að hægt sé að sjá hvort markmið í starfsáætlun deilda sé náð eða hvar við erum stödd í að ná markmiðunum.
Skipuleggja ævintýraferðir með skýrari námstilgang og í meiri tengslum við árstíðirnar og að útinám verði sá hornsteinninn í skólastarfinu eins og tilgreint er í skólanámskrá	Endurmat deilda og endurmat frá námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Skráningarblaðið sem ábyrgðaraðili ferðanna fyllir út fyrir ferðir mun vera uppfært af sérgreinastjóra til að gera námsmarkmið ferðanna skýrari. Einnig mun hann fylgja eftir að skráningablað sé útfyllt á réttan hátt og farið sé með skýr námsmarkmið í ferðirnar. Deildastjórar hafa skráningar sýnilegar inni á deildum yfir skólaárið og útnáms- og numicon nefnd setur upp kveikjur.	2021/2022	Sérgreinastjóri, deildastjórar og útináms- og numiconnefnd.	Þrisvar yfir skólaárið. Í lokin á hverri lotu.	Að hægt sé að sjá á skráningablöðum skýr námsmarkmið og endurmat á ævintýraferðunum. Að hægt sé að sjá að lágmarki tvær skráningar frá ævintýraferðum inni á deildum í hverri lotu.
Að niðurstöður Hljóm 2 prófsins verði í samræmi við viðmið Kópavogsbæjar	Stefna sveitafélagsins	Handbók – snemmtæk íhlutun verði kláruð og nýtt í starfi. Að uppfært efni verði notað í tengslum við málörvun í samverustundum. Starfsfólk fái góðar fyrirmyndir með samverustundir. Málörvunarnefnd setur upp kveikjur í tengslum við málörvun.	2021/2022	Sérkennslustjóri, deildastjórar og málörvunarnefnd.	Des 2021 og mars 2022	Að niðurstöður okkar eru í samræmi við viðmið Kópavogsbæjar.
Að auka foreldrasamstarf og skerpa á tengslum milli heimilis og skóla	Endurmat og umræða stjórnenda	Koma inn nýjungum eins og haustferð með börnum og foreldrum og að bjóða foreldrum í morgunmat. Halda áfram með fyrri viðburði. Hafa fundi fyrir nýnema á aðlögunartíma.	2021/2022	Stjórnendateymi	Eftir hvern viðburð Heildarmat Vor 2022	Að viðburðir eru á dagskrá: Haustferð Morgunmat með foreldrum Lotulok Dag myrkurs Þrettánda kaffi Sumarhátíð/dagur ljóss

		Halda áfram að vera með gott upplýsingaflæði í gegnum alla miðla. Vanda okkur í óformlegum samskiptum. Finna nýjan vinkel til að efla foreldra í foreldrafélaginu.				Endurmat á viðburðum sé jákvætt. Að meiri hluti foreldra mæti á viðburði.
Að auka frekar gæði samskipta starfsmannahópsins	Endurmat og umræða stjórnenda	Vinna að samskiptasáttmála á haustönn 2021 Starfsmannasamtöl fari inn á þetta. Hvetja starfsfólk til að svara starfsmannkönnun.	2021/2022	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Vor 2022	Niðurstöður úr starfsmannakönnun og starfsmannasamtölum sýni fram á að starfsmenn séu almennt ánægðir með samskipti og gæði þeirra á vinnustaðnum.
Víðtækari endurvinnsla og markvissari umræða um vistspor	Endurmat frá námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Verkferlar vegna flokkunar og tenging við Heimsmarkmiðin verður endurskoðuð í tengslum við endurskoðun á skólanámskrá skólans næsta skólaár. Starfsfólk fái fræðslu í tengslum við flokkun á skólaárinu. Lögð verður áhersla á heimsmarkmið númer 6,12 og 14. Starfsfólk tengi heimsmarkmiðin við loturnar.	2021/2022	Stjórnendur og Heimsmarkmiðanefnd	Des 2021 og mars 2022	Að hægt sé að sjá á vikuswayum og skráningum tengingu við heimsmarkmiðin og þá sérstaklega þau sem lögð er áhersla á. Að starfsfólk og meiri hluti barna viti hvað vistspor er. Að hægt sé að sjá í endurmati deilda að börnin séu með í endurvinnslu. Moltugerð verði komin af stað.
Nota þau námsgögn og námstæki sem til eru í skólanum markvissar s.s. numicon, ljósaborð, vísindavagn, skjávarpa.	Endurmat frá námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Búnaður sem skólinn á verður "eyrnamerkur" ákveðinni deild í ákveðin tíma.	2021/2022	Skólastjóri og deildastjórar	Des 2021 og mars 2022	Að skipulag sé til staðar með það hvaða deild á hvaða búnað hverju sinni. Að hægt sé að sjá á vikuswayum og skráningum fjölbreytni í búnaði.
Vinna markvissar með stærðfræðihugtök og form	Endurmat frá námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Deildarnar munu setja inn í starfsáætlun markmið og leiðir til umbóta svo hægt sé að vinna markvissar að stærðfræðihugtökum og formum.	2021/2022	Deildastjórar og sérkennslustjóri	Des 2021 og mars 2022	Í starfsáætlun deilda: að markmiðum í tengslum við stærðfræðihugtök og form sé náð.

Setja námsumhverfið upp markvissar og skipta út oftari um námsefni.	Endurmat frá námsþættinum sjálfbærni og vísindi	Að sett verði í starfsáætlanir deilda sem og umhverfisnefndar markmið og leiðir með umhverfið sem þriðja kennarinn a la Reggio.	2021/2022	Umhverfisnefnd og deildastjórar	Endurmetið í lok hvernar lotu. Heildar endurmat vor 2022	Að hægt sé að sjá í starfsáætlun deilda og umhverfisnefndar að markmiðum sé náð.
Að barnasáttmálinn endurspeglar í starfi skólans.	Endurmat og umræða stjórnenda	Barnasáttmálinn verður stefnumarkaður í tengslum við endurskoðun á skólanámskrá skólans næsta skólaár. Lögð verður áhersla á barnasáttmálann greinar númer 12, 13 og 29. Starfsfólk tengi barnasáttmálann við loturnar. Grein númer 13 við samvinnulotu, númer 12 við lýðræðislotu og númer 29 við atorku.	2021/2022	Stjórnendur	Endurmetið í lok hvernar lotu. Heildar endurmat vor 2022	Að hægt sé að sjá á vikuswayum og skráningum tengingu við barnasáttmálann og þá sérstaklega þær greinar sem lögð er áhersla á.

Öryggismál

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd er starfandi í skólanum en hlutverk hennar er að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og starsmanna í samvinnu við Vinnu- og Heilbrigðiseftirlitið. Öryggisnefndin fundar reglulega yfir skólaárið og fer yfir gátlista frá Vinnueftirlitinu og fyllir út og fylgir eftir því sem þarf að bæta. Hún sinnir brunaeftirliti og fyllir út skráningarblað í samstarfi við umhverfissvið Kópavogsbæjar, tekur á móti ábendingum starfsfólks o.fl. Einnig sinnir hún verkefnum sem koma upp í tengslum við öryggi starfsfólks.

Áfallaráð

Í Austurkór sinnir samráðsteymi hlutverki lausnateymis sem og áfallateymis. Í teyminu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og ef þurfa þykir deildarstjórar.

Innra eftirlit

Starfslið skólans skiptir með sér ákveðnum verkum sem snúa að innra eftirliti skólans og fylgir mismunandi ábyrgð ýmsum svæðum skólans. Þetta á m.a. við um skráningu um eftirlitsbók með útisvæði, þrif á búnaði og rýmum, vökvun blóma og skráningu verkbeiðna. Elstu börnin í barnahópnum taka þátt í [mánaðarlegu eldvarnaeftirliti](#). Ýmsir eftirlitsaðilar koma reglubundið svo sem heilbrigðiseftirlit, eftirlitsmaður lóða og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Öryggisfyrirtæki kemur einnig reglulega til að skoða ástand viðbragðskerfa í leikskólanum.

Slys

Ef slys verður í skólanum þá er það skráð í miðlægt skráningarkerfi nefnt Atvik og hefur það beina tengingu við váttryggingarfélag Kópavogsbæjar. Auk þess sem upplýsingunum er komið til foreldra um tildrög slyss og meiðsl ef einhver verða. Við vinnum eftir ákveðnum [verkferlum](#) þegar að slys verða og er mikilvægt að allir starfsmenn þekki þessa ferla því fúmlaus viðbrögð geta skipt sköpum þegar að slys verður.

Unnið 2020-2021

Mánaðarlegt eftirlit með brunavörnum.

Áfallaáætlun uppfærð.

Áherslur 2021-2022

Farið verður yfir verkferla og viðbragðsáætlanir í tengslum við endurskoðun skólanámskrár og starfsmannahandbókar.